



Ludwig Erhard og „Þýzka kraftaverkið“

Hver er maðurinn?

„Það þarf töluverðan kjark til þess að halda til streitu því, sem er þjóðhagslega skynsamlegt.“ Ludwig Erhard

Í bók sinni „Ókleifur heimur“ kemst Adenauer kanslari svo að orði: „Að mínu áliti þurfa stjórnmalamenn að hafa tvennt til að bera: Raunhæft mat á viðfangsefnunum og nokkurs konar skyggnigáfu, hæfileika til þess að sjá fyrir, hvernig þróun mála muni að líkindum verða í framtíðinni.“ Þessi skilgreining gæti verið brot úr mannlýsingu dr. Ludwigs Erhards efnahagsmálaráðherra Þýskalands, mannsins, sem talinn er eiga drýgstan þáttinn í „þýzka kraftaverkinu“ svonefnda. Áður en saga „kraftaverksins“ verður sögð, er eðlilegt að fara nokkrum orðum um höfund þess.

Ludwig Erhard er frankverskra bændaætta, fæddur 4. febrúar 1897 í smábænum Fürth í



Ludwig Erhard

grennd við Nürnberg. Gekk hann þar í barna- og menntaskóla, en háskólanám í rekstrar- og þjóðhagfræði stundaði hann í Frankfurt am Main. Að námi loknu gerðist hann kaupmaður um tíma, en varð síðar starfsmaður og að lokum forstjóri stofnunarinnar „Wirtschaftsbeobachtungen der Deutschen Fertigwaren“, er var

nokkurs konar markaðskönnunarstofnun með aðsetri í Nürnberg. Árið 1942 lét hann af pólitískum ástæðum af þessu starfi, gerðist efnahagsmálaráðunautur ýmissa einkafyrirtækja og vann á þeim vettvangi til ófriðarloka, en þá hófust stjórnmalaafskipti hans. Í október 1945 varð hann atvinnumálaráðherra í Bayern og var

það fram á árið 1946. Þá tók hann árið 1947 við prófessorsembætti við háskólan í München, en í marz 1948 var hann útnefndur forstjóri efnahagsmálastjórnar Þýskalands, en þau mál, sem og önnur málefni Þýskalands voru um þær mundir enn í höndum hernámsveldanna. Árið 1949 varð hann efnahagsmálaráðherra þýzka sambandslýðveldisins, og gegnir hann því embætti enn í dag, auk þess sem hann er varakanslari ríkisins og því staðgengill og líklegasti arftaki Adenauers kanslara.

Erhard er mikill andlegur og líkamlegur atgervismaður. Enda þótt hann hafi í bernsku fengið lómunarveiki og í fyrri heimsstyrjöld sært við Ypres, er starfsþrek hans og atorka með fádæmum. Er hann jafnan settur við skrifborð sitt í ráðuneytinu og tekinn til starfa kl. 8 á morgnana, og er vinnudagur hans oftast bæði langur og strangur, enda segja kunnugir, að hann eigi fá hugðarefni önnur en starfið. Ýmsir stjórnmalamenn eru kunnir fyrir tómstundaiðju sína. Þannig fer orð af Churchill sem málara, Mao Tse-tung þykir allgott ljóðskáld og Adenauer ræktar rósir á kyrrlátum stundum, en Erhard bara vinnur, og ann sér aðeins stöku sinnum hvíldar frá önn dagsins við að hlusta á klassíska tónlist. Auðvitað er svo hagfræðin enn hugðarefni hans og tíðrædd á heimilinu, því kona hans er hagfræðingur að menntun, og dóttur sinni hefur hann valið hagfræðina sem háskólagrein. Erhard hefur samið tvær bækur og báðar um hagfræðileg efni: „Deutschlands Rückkehr zu Weltmarkt“ (1954) og „Wohlstand für alle“ (1957), og fjalla þær jöfnum höndum um efnahagsmál Þýskalands og hagfræðikenningar hans sjálfs.

Erhard er talinn mjög blátt áfram í framkomu, og hefur hann aflað sér álits og vinsælda bæði innanlands og utan fyrir að vera djarfmæltur og blessunarlega laus við allt diplómat-

ískt þvoglutal, enda þótt hann sé flugmælskur. Er t. d. haft á orði hve sterkt persónuleiki hans hafi orkað á Mendés-France og auðveldað samningaviðræður, er þeir Erhard áttu saman.

Erhard fer ekki troðna slóð. Hann er prótestantiskur leiðtogi í kaþólskum flokki, og flokksfjötraður er hann heldur ekki, því eins og hann segir sjálfur: „Ég var flokkslaus prófessor. Ég mun heldur aldrei verða flokks-stjórnmalamaður í þrengri merkingu.“ — „Munið þér eftir kosningunum,“ sagði Adenauer eitt sinn við mig. „Kosningar,“ sagði ég „geta ekki breytt sannfæringu minni.“ —

Ludwig Erhard og stefna hans í efnahagsmálum eru umdeild í heimalandi hans og raunar einnig á alþjóðaslóðum. Það er engin nýlunda, að það næði stormur um stórhuga menn. Enginn frýr Erhard heldur vits né einurðar, og ekki verður hann grunaður um sérgæzku eða að hygla ákveðnum stéttum og hagsmunasamtökum, enda hefur hann sjálfur komið svo að orði um þau efni: „Það hefur hreint engin áhrif á mig, þegar menn koma til mín og segjast vera fulltrúar fyrir svo og svo mörg þúsund, tugþúsund eða hundrað þúsunda félagsmanna og halda, að mig reki þá í rogastanz eða mér standi ógn af því. Ég er búinn að gleyma að hræðast. Mér er skynsamleg röksemd meira virði en stærð og veldi einhvers félagsskapar.“ — Í skemmstu máli verður skapgerð Ludwigs Erhards e. t. v. skorinorðast lýst með því að tilfæra ummæli Thomas Carlyle um Friðrik II. Prússakonung, en þau eru svona: „Hann meinar alltaf, það sem hann segir, og hann byggir framkvæmdir sínar á því, sem hann telur vera rétt.“

Félagslegur markaðsbúskapur

„Við erum nú í Þýskalandi ásjáendur upphafs nýrrar hugmyndar um markaðsbúskap. Þessi hugmynd reynir að tengja grundvallarlögmál frelsisins, sem manningum er nauðsynlegt til þess að halda sjálfsvirðingu og vinna af ábyrgðartilfinningu, félagsmálefnum nútímans.“

Alfred Müller-Armack

Heiminum er í dag að verulegu leyti stjórnað af efnahagslegum öflum og hagfræðilegum hugmyndakerfum. Eitt slíkt hagfræðilegt hugmyndakerfi hefur verið í myndun á meginlandi Evrópu síðasta áratuginn. Heiti þess á erlendu máli er „Die soziale Marktwirtschaft“, sem þýða mætti á íslenzku „félagslegur markaðsbúskapur“.

Kunnasti formælandi þessarar stefnu er Dr. Ludwig Erhard, en hann er þó ekki fræðilegur höfundur hennar. Þeir sem mest hafa lagt til mála, eru svissneskir og þýzkir hagfræðingar, svo sem Wilhelm Röpke, Walter Eucken, Alexander Rüstow og Alfred Müller-Armack. Sá síðastnefndi mun hafa orðið fyrstur til þess að koma fram með heitið „Die soziale Marktwirtschaft“.

Hvert er svo inntak þessa nýja hagkerfis? Hér verða því engin fullnaðarskil gerð, heldur þess aðeins freistað að gera langa sögu stutta.

Kjarni liberalismans á 19. öld var frjáls markaðsbúskapur. Þróun efnahagslífsins átti að markast eingöngu af framboði, eftirspurn og frjálsri samkeppni. Öll önnur sjónarmið voru talin forkastanleg.

Formælendur hins félagslega markaðsbúskapar telja, að á þessu kerfi hafi reynzt slíkir annmarkar, að það sé úrelt í sinni upphaflegu mynd. Þetta kerfi hafi að vísu haft í för með sér miklar framfarir, aukna framleiðslu, vaxandi velmegun o. s. frv., en í kjölfar þess hafi einnig siglt ýmiss konar félagslegt misrétti og öryggisleysi. Tilætlun þeirra er því að koma á kerfi, sem felur í sér alla vaxtar- og framvindumöguleika markaðsbúskaparins, en jafnframt reyna að girða fyrir félagslegt misrétti og tryggja þegnunum öryggi í ríkara mæli.

Mun ég tilfæra hér nokkur ummæli forvígismanna þessarar stefnu til frekari skýringar: „Þegar við höfum í huga félagslegan markaðsbúskap, þ. e. a. s. búskaparstarfsemi, sem lýtur lögmálum markaðsins, en þó með félagslegum umbótum og tryggingum, þá er það vegna þess, að við erum sannfærðir um, að ekkert annað hagkerfi getur í jafnríkum mæli sameinað hæfni til framleiðni og tæknilegra framfara persónulegu frelsi og félagslegri framþróun.“

„Alls staðar þar sem einkahagsmunir koma samkeppninni fyrir kattarnef, getur arðrán þróast.“ — „Ef félagslegar framfarir eiga að byggja á traustum hornsteinum, getum við ekki verið án starfshæfs markaðsbúskapar.“ — „Ef markaðsbúskapurinn á að vera varanlegur, verða að vera fyrir hendi vissir stjórn möguleikar, þ. e. a. s. heimild stjórnarinnar til aðgerða, er skapa keppnisbúskapar. Samning félagsréttar er og bein möguleika fyrir og tryggja starfsgrundvöll samnáuðsyn þess, að markaðsbúskapurinn reynist starfshæfur.“ (Alfred Müller-Armack)

„Samkeppnin er líklegasta tækið til að skapa

velmegun og viðhalda henni. Hún leiðir af sér framfarir, sem allir menn sem neytendur verða aðnjótandi.“ — „Með samkeppni — í bezta skilningi þess orðs — eru framfarirnar og ágóðinn þjóðnýttur, án þess að persónuleg atorku-semi sé lömuð.“ — „„Velmegun fyrir alla“ og „velmegun í samkeppni“ eru því í órofa samhengi; það fyrri táknar markmiðið, hið síðara leiðina, sem liggur að markinu.“ (Dr. Ludwig Erhard)

Rauður þráður

„Mælikvarðinn á kosti eða galla efnahagsmálastefnu er ekki kennisetning eða eitt hvert grundvallarsjónarmið, heldur *maðurinn* einn, neytandinn, þjóðin. Efnahagsmálastefna er aðeins góð meðan hún er mönnunum nýtsöm og flytur þeim blessun.“

Ludwig Erhard

Fyrsti kaflinn í bók Erhards „Velmegun fyrir alla“, heitir „Hinn rauði þráður“ og hefst þannig: „Nokkru áður en ég varð efnahagsmálaráðherra vestur-þýzka sambandslýðveldisins lýsti ég því yfir á flokksþingi Kristilega lýðræðisflokksins (CDU), í ágúst 1948 í Recklinghausen, að ég teldi fráleitt, að hugmyndir um fyrri tekju-skiptingu í þjóðfélaginu næðu á ný að festa rætur, og myndi ég vinna gegn því. Þannig vildi ég taka af allan vafa um það, að fyrir mér vætti og ég stefndi að efnahagsmálaskipan, sem væri þess megnug að færa stöðugt fjölmennari stéttum þjóðarinnar aukna velmegun. Ég hugsaði mér, að með því að skapa fjöldakaupgetu væri hægt að sigrast á hinni gömlu, íhaldsömu þjóðfélagsskipan.“

Rauði þráðurinn, kjarninn, í kenningum Erhards er maðurinn, neytandinn, og velmegun honum til handa. Velmegun fyrir alla, án tillits til stéttarsjónarmiða, er fyrsta og síðasta boðorð hans. Leiðin til velmegunar er að hans dómi aðeins ein, leið atvinnufrelsisins, frjálsrar samkeppni og frjáls neyzluvals, en til þess að sú leið sé fær, þarf að þroska með þjóðinni viljann til þess að bera ábyrgð á eigin örlögum. Erhard er því mjög andvígur öllum kenningum um „velferðarrikið“ og telur þann hugsunarhátt þjóðum og einstaklingum hættulegastan að sækja beri framfærslueyri sinn í vasa náungans. Hann viðurkennir þó fullkomlega nauðsyn og gildi nútíma félagsmálastarfsemi, en að hans dómi er það þó undirstaða farsællar félagsmálastarfsemi, að takast megí að tryggja verðgildi

peninganna jafnt inn á við sem í skiptum við aðrar þjóðir. Um þetta farast honum svo orð: „Félagslegur markaðsbúskapur er óhugsandi án rökréttar peningamálastefnu, sem miðar að því að tryggja verðgildi peninganna.“

Frelsið í öllum sínum myndum er upphaf og endir allra kenninga Erhards, enda segir hann: „Neyzlufrelsi og atvinnufrelsi eiga í hugum allra þegna að vera óskerðanleg mannréttindi. Að brjóta í bága við þau ætti að teljast tilræði við þjóðfélagið. Lýðræði og frjáls efnahagsstarfsemi eru jafnóaðskiljanleg og einræði og ríkisrekstur.“

„Þýzka kraftaverkið“

„Það er ekki hugmyndin, heldur framkvæmd hugmyndarinnar, sem er uppfinning.“

Eugen Diesel

Ludwig Erhard er eins og áður getur ekki höfundur hugmyndarinnar um hagkerfi félagslegs markaðsbúskapar, og sennilega er hann fremur snjall stjórnandi efnahagsmála en frumlegur hagfræðihugsuður. En í hans hlut féll það samt að verða fyrstur manna til að reyna notagildi og lífsþrótt þessarar hugmyndar. Skál nú nokkuð greint frá gangi þeirra mála.

Efnahagskerfi Þýskalands var í rúst eftir ófriðinn. Á árunum 1945—'48 var stjórn efnahagsmálanna í höndum hernámsveldanna, sem vörðu miklu fé til þess að reyna að byggja upp þjóðarbúskap Þýskalands, en með tiltölulega litlum árangri. Leiðir herstjórnarinnar í efnahagsmálum voru fyrst og fremst „skipulagning“, inn- og útflutningshöft, skömmtnun, verðlagseftirlit o. s. frv., sem sagt hin almenni efnahagsmálalýfseðill eftirstriðsáranna með tilheyrandi afleiðingum. Árið 1948 var þó stigið djarft og afdrifaríkt spor. Það voru peningaskiptin og endurnatið á þýzka markinu. Það var í því falið, að tekin var upp ný mynt, Deutsche Mark, og öll eldri mynt, „Reichsmark“, innkölluð og henni skipt í hlutföllunum 10 RM = 1 DM. Það var um þessar mundir, sem herstjórnin kvaddi dr. Ludwig Erhard til þess að taka þátt í stjórn þýzkra efnahagsmála, en hann var þeirrar skoðunar, að til viðreisnar þýzku atvinnulífi dygðu ekki aðeins aðgerðir á sviði gjald-eyris- og peningamála, heldur þyrftu ámóta rót-tækar aðgerðir að fylgja á öðrum sviðum. Hann lét heldur ekki lengi á þeim standa. Um þessa ákvörðun segir hann sjálfur: „20. júní 1948 var örlagastund í lífi mínu. Að vissu leyti olli sá

Framh. á bls. 25

dagur gerbyltingu í lífi mínu. Þá áráddi ég að reyna að gera kenningar mínar að veruleika.“ Og það skeði með þeim hætti, að Ludwig Erhard gekk þenna sunnudag að hljóðnemanum og tilkynnti þýzku þjóðinni, að hann hefði gefið út tilskipun um afnám skömmtnar, verðlagseftirlits og fleiri viðskiptahafta. Hann lýsti því yfir, að frá þessum tíma væri D-markið eini skömmtnarseðillinn í landinu. Þessi yfirlýsing kom mjög á óvart bæði innanlands og utan, því að þetta var á þeim tíma, er Þjóðverjar áttu að fá skammtaða eina skó á tveggja ára fresti, og annað eftir því, og sjálfir sigurvegararnir, Bretar og Frakkar, bjuggu enn við stranga skömmtnun og verðlagshöft. Sagan segir, að Clay hershöfðingi, yfirmaður hernámsliðsins í Þýzkalandi, hafi kvatt Erhard á sinn fund, er hann frétti þetta, og sagt við hann: „Dirfist þér að breyta fyrir-mælum herstjórnarinnar í efnahagsmálunum?“ Þá á Erhard að hafa svarað: „Ég hef ekki breytt þeim, ég hef afnumið þau.“ Clay á þá að hafa bætt við: „Efnahagsmálaráðunautar mínir telja þetta óráð,“ og Erhard á að hafa svarað: „Mínir efnahagsmálaráðunautar telja það líka.“ Hvað sem hæft er í þessu, lét herstjórnin málið kyrrt liggja, og Erhard fór sínu fram.

Nú reyndi á „skyggigáfu“ Erhards, framsýni hans og hæfileika til þess að geta sér til um framvindu efnahagslífsins. Hann reiknaði með, að duldar vörubirgðir myndu koma á markaðinn við afnám skömmtnar og verðlagseftirlits og brúa bilið, sem framleiðslan ykist af völdum hinnar frjálsu verðmyndunar. Þetta rættist, og þar með var fyrstu hættunni bægt frá. Síðan rak hver atburðurinn annan. Þegar dýrtíðin var sem mest 1948, boðaði Erhard, að verðlag myndi lækka á næstu árum. Árið 1951 kom Kóreustyrjöldin, og verðlag hækkaði enn, en Erhard fullyrti, að verðbólgan myndi senn hjaðna, og vorið 1952 var hún yfirunnin. Árið 1949 voru tvær milljónir atvinnuleysingja í Þýzkalandi, en Erhard lofaði, að atvinnuleysið skyldi minnka. Árið 1956 voru engir atvinnuleysingjar skráðir. Árið 1951 var iðnaðarframleiðslan minnkandi, en Erhard fullyrti, að hún myndi senn vaxa, og það skeði þegar seinni hluta sama árs. Árið 1949 var Erhard mjög gagnrýndur af andstæðingum sínum fyrir hallann á utanríkisverzluninni. Erhard taldi vonir

standa til, að hallinn myndi hverfa, og 1952 var verzlunarjöfnuðurinn orðinn hagstæður.

Ýmsar fleiri staðreyndir í töluformi gefa til kynna hina margslungnu þætti „þýzka kraftaverksins“, og skulu hér aðeins fáeinir nefndar: Árið 1948 var tala starfandi verkamanna í Þýzkalandi 13,5 milljónir, en 1952 var tala þeirra orðin 15,0 milljónir. Árið 1949 nam mánaðarlegur meðalútflutningur Þýzkalands 345 milljónum DM., en 1952 var hann kominn upp í 1400 milljónir DM. Íbúðabyggingar voru árið 1949 215 þús., en 1952 440 þús. Visitala iðnaðarframleiðslu óx frá 1950 úr 100 í 199 árið 1956. Á sama tíma óx iðnaðarframleiðsla Bretlands aðeins úr 100 í 123 vísitölustig og Bandaríkjanna úr 100 í 130. Nettótekjur launþega voru í Þýzkalandi árið 1950 34,0 milljarðar DM, en 1955 60,9 milljarðar DM. Þannig mætti lengi halda áfram að rekja einstaka þætti „kraftaverksins“, sem að álitu Erhards var þó hreint ekkert kraftaverk. Hann kemst þannig að orði: „Það, sem skeð hefur í Þýzkalandi síðustu níu árin, var víðs fjarri því að vera kraftaverk. Það var aðeins árangur heiðarlegs átaks heillar þjóðar, sem hlotið hefur aftur frelsi til þess að hagnýta mannlegt framtak og atorku. Ef þetta átak á að þéna öðrum þjóðum, sem fyrirmynd, þá getur það aðeins gert það með því að vera öllum heiminum ábending um blessun persónulegs og efnahagslegs frelsis.“

En kraftaverkið skeði ekki af sjálfu sér, og Ludwig Erhard var heldur ekki einn höfundur þess ævintýris.

Það þurfti fyrst og fremst að skapa nýtt andrúmsloft í þjóðfélaginu, eða eins og Erhard orðaði það: „Það stafar ekki af léttúðugri hjart-sýni, heldur öruggum vilja, þegar maður skapar í stjórnmálunum það andrúmsloft, sem leiðir til efnahagslegs árangurs.“ Þetta andrúmsloft lýðræðislegrar þjóðfélagsskipunar og pólitískrar ábyrgðar skapaði Konrad Adenauer kanslari. Erhard og félagar hans voru hins vegar hugsjónasmiðir og aflgjafar „kraftaverksins“. Tveir aðalgerendur í kraftaverkasögunni auk Erhards voru þeir Fritz Schäffer fjármálaráðherra, sem tókst að koma á hallalausum ríkisbúskap, og dr. Wilhelm Vocke aðalbankastjóri „Bank der deutschen Länder“, en hann hefur átt hvað drýgstán þátt í að tryggja stöðugt verðgildi D-marksins og afla því þess trausts, er það nýtur á alþjóðamarkaðnum.

Meðal þeirra stjórnaraðgerða, sem leiddu til „kraftaverksins“, auk þeirra, sem áður er um getið, má nefna þessar: Liberaliseringu innflutningsins, sem hófst fyrri hluta árs 1949 og var síðar stórauðin í samráði við önnur Marshall-lönd, tollalækkanir, skattalækkanir, rationaliseringu iðnaðarins, aukinn sparnað og stórsókn á sviði utanríkisviðskipta. Þessi sókn fólst m. a. í skipulegri markaðsleit, öflun erlendra umboðsmanna, fjölbreyttri upplýsingastarfsemi, skipan verzlunarfulltrúa við sendiráð og verzlunar-erindreka í fjölda landa, með vörusýningum og glæsilegum kaupstefnum og hagstæðri lánapólitík. Árangrinum af þessu öllu lýsir Erhard þannig: „Við höfum látið kaupmanninn taka við af skriffinnum og embættismönnum. Í utanríkisverzlun okkar þróast nú aftur andi brautryðjendanna, sem námu ný markaðslönd. Verkfræðingar okkar og kaupmenn, sem fást við millilanda- viðskipti, eru gagnteknir af þessari athafnalöngun.“ — „Endurvakning markaðsbúskaparins leysti framtak atvinnurekendanna úr viðjum; hún jók afköst verkamanna, hvatti kaupmenn til aukinnar hagsýni og örvaði alla framleiðslustarfsemi í Þjóðfélaginu; þannig skapaðist grundvöllurinn fyrir heilbrigðri utanríkisverzlun.“

Enn eru þó ónefndar ýmsar innri og ytri aðstæður, sem áttu sinn ríkulega þátt í árangri „þýzka kraftaverksins“. Af innri ástæðum má fyrst og fremst nefna þá staðreynd, að þýzki Þjóðarbúskapurinn hafði til ráðstöfunar ónotuð framleiðsluöfl og þá fyrst og fremst vinnuafli í ríkum mæli og sumpart einnig fjármagn. Ef þessi ónotuðu framleiðsluöfl hefðu ekki verið fyrir hendi, hefði uppbygging þýzka iðnaðarins og þensla Þjóðarbúskaparins ekki getað orðið jafnmikil og jafnör og raun varð á. Til sérstakra innri ástæðna má og telja einstaka atorku þýzkra framleiðenda og frábært hugvit þýzkra uppfinningamanna.

Af ytri aðstæðum má nefna tvennt: Kóreustyrjöldina og Marshall-aðstoðina. Kóreustyrjöldin gaf þýzkum útflutningsiðnaði vissa möguleika til að hlaupa í skarðið fyrir Breti og Frakka á útflutningsmörkuðum þeirra, en þýngsta lóðið á metaskálinni var þó Marshall-aðstoðin og önnur efnahagsaðstoð Bandaríkjamanna og sú alþjóðleg efnahagssamvinna, sem Þjóðverjar urðu aðnjótandi, beint eða óbeint, vegna Marshall-aðstoðarinnar. Þýzkaland fékk t. d. frá apríl

1948 til ársloka 1954 1,5 milljarða dollara í Marshall-hjálpi, og áður höfðu Þjóðverjar á árunum 1946 til 1950 fengið svonefnda GARIOA-aðstoð í vörum að andvirði 1,6 milljarðar dollara.

Ludwig Erhard hefur heldur aldrei dregið fjöður yfir þessa hlið málsins, eins og eftirfarandi ummæli bera með sér: „Það var samsteypa innri og ytri afla, sem stuðlaði að afturhvarfi Þýzkalands til heimsviðskipta. Til ytri aðstæðna telst ekki einungis allur sá fjöldi aðgerða, sem opnaði okkur hlið heimsmarkaðsins, heldur framar öllu sú fjárhagslega hjálp, sem beint var til okkar úr sjóðum amerískra skattgreiðenda þegar frá ófriðarlokum. Það er þess vegna engin tilviljun, að viðreisn þýzkrar framleiðslu og utanríkisverzlunar frá því í júní 1948 hefst svo til samtímis og Marshall-áætlunin sér dagsins ljós. Marshall-áætlunin var okkur ekki aðeins uppspretta fjárhagsaðstoðar, heldur jafnframt hvatning til þess að efla og treysta hinn frjálsa markaðsbúskap okkar.“ Og hann bætir við: „Andleg og pólitísk áhrif Marshall-aðstoðarinnar fólust fyrst og fremst í frelsun Þýzkalands úr hinni algeru einangrun, sem það var í fyrstu árin eftir ófriðarlokin.“ Marshall-aðstoðin rauf einangrunar-múrana og opnaði Þýzkalandi greiða götu til þátttöku í Schumann-áætluninni, GATT, Alþjóðabankanum og gjaldeyrisþjóðnum, Evrópuráðinu og OEEC-stofnunni í París, svo að nokkuð sé nefnt. Afleiðing af þessari þróun er nú sú, að Þjóðverjar eru ekki lengur þiggjendur í hinni alþjóðlegu viðskiptasamvinnu, heldur veitendur í ríkum mæli. Þýzk framleiðslu- aukning hefur þýtt aukna velmegun fyrir aðrar þjóðir. Þýzku fjármagni er nú veitt til uppbyggingar í öðrum löndum, og Þjóðverjar með dr. Ludwig Erhard í fararbroddi eru nú ákveðnastir talsmenn aukinna heimsviðskipta og fríverzlunar Evrópu.

Saga þýzku Þjóðarinnar síðustu níu árin er ævintýrið um það, hvernig þjóð komst úr örbirgð í álnir, og lykil þess leyndardóms telur dr. Erhard vera, að „efnahagsmálastefna okkar þjónar neytandanum; hann einn er mælikvarði og dómari allra efnahagsframkvæmda. Hagstefna hins félagslega markaðsbúskapar hefur fært heiminum heim sanninn um, að kjarni hennar, frjáls samkeppni, frjálst neyzluval, og yfirleitt allt persónufrelsi, leiðir til betri efnahagslegs og félagslegs árangurs en nokkurt embættis-kerfi þvingunar og haftabúskapar getur náð.“